



Framkvæmda- fréttir

1. tbl. / 11



Umhverfisstefna Vegagerðarinnar

Leiðin að markmiðinu, á tindinn. Búlandstindur og Hringvegur (1) í Berufirði.

Umhverfismál eru kannski í tísku en þau eru samt ekki tískumál, heldur snúast þau um í hvernig umhverfi við viljum lifa og skila til afkomenda okkar. Þau fjalla um áþreifanleg verðmæti og skynsamlega nýtingu auðlinda. Þau fjalla um að hlúa að náttúru Íslands, að tryggja neysluvatn og andrúmsloft án hættulegra efna, að stemma stigu við stórfelldum breytingum á loftslagi, sem myndi gjörbreyta lífsskilyrðum mannkyns. Umhverfismál snúast um budduna og heilsuna.

Tilgangurinn með umhverfisstefnu Vegagerðarinnar er að tryggja okkur og afkomendur okkar betri samgöngur í sátt við umhverfið og veita verktökum, birgjum, landeigendum, vegfarendum sem og starfsmönnum Vegagerðarinnar skýrar upplýsingar um stefnu Vegagerðarinnar í umhverfismálum. Ákveðnar kröfur eru gerðar til Vegagerðarinnar í lögum og reglugerðum sem varða umhverfismál, sem nauðsynlegt er að standa undir og hefur Vegagerðin greint lög og reglugerðir um umhverfismál m.t.t. starfsemi sinnar.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar samþykkti endurskoðaða umhverfisstefnu þann 10. janúar síðastliðinn en hún hafði þá verið óbreytt frá því í desember 2005. Á þeim 5 árum sem liðin eru hefur Vegagerðin greint starfsemi sína og ákvarðað þýðingarmikla umhverfisþætti samkvæmt kröfum umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO 14001.

Helstu breytingar sem hafa orðið á umhverfisstefnunni eru þær að stefnumiðin tengjast mikilvægustu umhverfisþáttunum betur. Í stefnuskjalinu kemur ekki fram óskhyggja um hvernig æskilegt væri að halda á málum. Í umhverfisstefnunni kemur fram það sem Vegagerðin gerir nú þegar eða vinnur markvisst að. Greint er frá árangrinum vegna mælanlegu markmiðanna og vöktunar mikilvægu umhverfisþáttanna í árlegri umhverfisskýrslu.

Þeir umhverfisþættir sem eru þýðingarmestir og Vegagerðin stýrir og vaktar eru röskun lands, umferðarhávaði, eldsneyti og olíur, asfalt, eiturefni og hættuleg efni, spilliefni, fastur

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

1. tbl. 19. árg. nr. 557 7. mars 2011

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Sorpflokkun hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7.

úrgangur, fráveitur og skólp. Aðrir þýðingarmiklir umhverfisþættir sem er stýrt, en óþarft er fyrir Vegagerðina að vakta, eru gamlar námur, steinefni, loftmengun vegna umferðar á vegum, hálkúvarnir og rykbinding, landgræðsla, sprengingar, frásög frá vélaverkstæðum og aflagðar brýr.

Þýðingarmiklu umhverfisþáttunum er stýrt m.a. með verk-

Umhverfisstefnan er nú svohljóðandi:

Það er hlutverk Vegagerðarinnar að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmasta hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Vegagerðin hefur einsett sér að vera í fararbroddi í umhverfismálum og leggur áherslu á góða sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa. Til að þetta nái fram að ganga hefur Vegagerðin ákveðið að vinna samkvæmt eftirfarandi:

- Við hönnun og byggingu vegakerfisins kappkostar Vegagerðin að varðveita fjölbreytni náttúrunnar, vistkerfi, náttúruminjar, náttúruverndarsvæði og menningarverðmæti, en um leið að tryggja öryggi vegfarenda.
- Vegagerðin gengur vel um umhverfið og leggur áherslu á að röskun lands á byggingartíma takmarkist við framkvæmdasvæði og að frágangur sé til fyrirmyndar. Vegagerðin leitast við að lágmarka truflandi áhrif á lífríki á framkvæmdatíma.
- Hönnun vega verði þannig að kröfur gildandi reglugerða um hljóðvist séu uppfylltar.
- Vegagerðin vinnur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun frá starfsemi, en einnig frá umferð á þjóðvegum m.a. með veghönnun, styttingu leiða, bundnum slitlögum og staðsetningu náma.
- Við innkaup á vörum og þjónustu tekur Vegagerðin tillit til umhverfissjónarmiða.
- Vegagerðin nýtir auðlindir sem best og stefnir að því að minnka sorpmagn með því að vinna að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu. Jafnframt er öðrum úrgangi og spilliefnum fargað á viðurkenndan hátt.
- Vegagerðin sér til þess að starfsmenn þekki umhverfisstefnuna og hafi þekkingu og hæfni til að vinna í samræmi við hana.
- Vegagerðin sér til þess að birgjar og verktakar þekki umhverfisstefnuna og umhverfiskröfur Vegagerðarinnar.
- Vegagerðin tryggir að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál.
- Vegagerðin skilgreinir árlega mælanleg umhverfismarkmið, vaktar árangurinn og skráir í umhverfisskýrslu til að tryggja stöðugar umbætur, í samræmi við kröfur umhverfisstjórnunarstaðla ISO 14001.

lagsreglum og vinnulýsingum í gæðahandbók stofnunarinnar, með mælanlegum árlegum markmiðum og með útboðsgögnum vegna vinnu verktaka. Árangur stýringarinnar er m.a. birtur í grænu bókhaldi Vegagerðarinnar sem er hluti af árlegri umhverfisskýrslu stofnunarinnar.

Eins og sést við lestur umhverfisstefnunnar er að mörgu að hyggja varðandi umhverfismál hjá Vegagerðinni. Erfitt er að ná árangri með fljótvirkum hætti og má vel líkja starfi að þessum málum við fjallgöngu þar sem mikilvægt er að tapa ekki sýn á markmiðinu og trú á að unnt sé að ná því með stöðugum umbótum.

Meðal helstu umbóta sem Vegagerðin vinnur að um þessar mundir er:

- Gerð handbóka um öryggi umhverfis og starfsmanna, annarsvegar fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar og hinsvegar fyrir verktaka sem vinna fyrir hana. Vinnan er á lokastigi og verða handbækurnar gefnar út fljótlega.
- Að unnið verði áhættumat á þessu ári á verkstæðum og áhaldahúsum Vegagerðarinnar m.t.t. umhverfismála, en þá þarf m.a. að meta hættu og líkur á efnalesa og skemmdarverkum.
- Að draga úr notkun á hættulegum efnum. Vegagerðin hefur tekið saman lista yfir öll merkingarskyld efni í notkun hjá stofnuninni og öryggisblöð þeirra. Stefnir er að því að draga úr notkun á efnum sem eru hættuleg umhverfinu og heilsu starfsmanna.
- Vinna að aukinni endurvinnslu hjá stofnuninni. Vegagerðin hefur smátt og smátt aukjið flokkun úrgangs undanfarin ár, s.s. timbur, málma, pappír o.fl. en nú er unnið að því að stíga skrefið alla leið. Byrjað var á svæðismiðstöðinni á Akureyri og rekstrardeild í Reykjavík í janúar, en starfsmenn þar flokka nú einnig drykkjarumbúðir, plast og lífrænan úrgang. Ekki eru ruslafötur við hvert bord eins og áður, heldur flokkunarílát á kaffistofum.
- Að auk áætlana um öryggi- og heilbrigði á vinnsvæði, sem verktakar þurfa að skila með útboðsgögnum, þurfi einnig að skila áætlun um öryggisráðstafanir vegna umhverfismála, s.s. varðandi frágang merkingarskyldra efna og spilliefna.
- Bætt stýring innkaupa á vörum og þjónustu m.t.t. umhverfismála. Vegagerðin kaupir inn samkvæmt reglum Ríkiskaupa en vinnur nú að því að setja sér umhverfisviðmið varðandi þá vörflokka sem Ríkiskaup hafa ekki reglur um.
- Að hefja innri úttektir á umhverfiskerfinu á árinu samhliða úttektum á gæðakerfinu.

Bestur árangur næst með samstilltu átaki starfsmanna Vegagerðarinnar og verktaka. Búum börnum okkar Vegagerðarfólks og annarra landsmanna öruggara og heilsusamlegra umhverfi.



Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri



Ásrún Rudolfsdóttir
gæðastjóri




Matthildur B.
Stefánsdóttir
deildarstjóri


Útboðsverk 2010

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2010, raðað eftir verktökum í stafrófsröð. Tilboðsupphæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.	Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Alverk ehf. , kt. 500196-3279 Klömbur, 641 Húsavík 10-020 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Kross - Lón í Kelduverfi	23.071.536	Loftorka ehf. , kt. 571285-0459 Miðhrauni 10, 210 Garðabæ 10-048 Hafnarfjarðarvegur (40), aðreinar 10-063 Hringvegur (1), vegtenging við Mógilsá	29.062.100 13.626.000
Arnar Stefánsson , kt. 200562-2169 Rauðalæk, 851 Hella 10-001 Viðhald malarvega á Suðursvæði 2010, vegheflun	10.889.850	Malbikun KM ehf. , kt. 690598-2059 Flögusiðu 2, 603 Akureyri 10-016 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, malbik 10-019 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Eyjafjörður að vestan	31.678.540 46.798.100
B Vigfússon ehf. , kt. 680206-0820 Kálfárvöllum, 356 Snæfellsbær 10-032 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hellissandur - Fróðarheiði - Breiðavík	9.602.472	Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas hf. , kt. 420187-1499 Markhelli 1, 221 Hafnarfjörður 10-005 Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, malbik	49.365.450
BJ vinnuvélar ehf. , kt. 600298-2249 Hálsvegi 2, 680 Þórshöfn 10-023 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Raufarhafnarvegur - Fell	23.896.000	Malbikunarstöðin Höfði hf. , kt. 581096-2919 Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík 10-037 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2010, malbik	306.737.100
Bikun ehf. , kt. 600509-1010 Blikahjalla 13, 200 Kópavogur 10-004 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2010, klæðing	117.447.000	Nesey ehf. , kt. 700693-2369 Suðurbraut 7, 810 Selfoss 10-006 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2010	49.975.000
Björn Halldórs Sverrisson , kt. 160455-2929 Lækjartúni 4, 510 Hólmavík 10-039 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvvegur, Vestfjarðavegur í Reykhólasveit	23.588.400	Ólafur Halldórsson , kt. 070451-3449 Tjörn 1, 781 Höfn 10-030 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur (1), Höfn - Öræfi	7.644.900
Bleittur ehf. , kt. 630304-3180 Völuteigi 6, 270 Mosfellsbæ 10-008 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2010, blettir	28.442.000	S G vélar ehf. , kt. 411092-2599 Mörk 6, 765 Djúpvogur 10-028 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur (1), Breiðdalsvík - Djúpvogur 10-029 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur (1), Djúpvogur - Höfn	4.211.250 7.040.000
Borgarverk ehf. , kt. 540674-0279 Sólbakka 17-19, 310 Borgarnes 10-009 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2010, klæðing 10-011 Festun og yfirlögn á Hringvegi (1) 2010 10-015 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, austurhluti, klæðing 10-031 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Vesturland, suðurhluti 10-035 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hvammstangi - Blönduós	54.615.000 207.899.000 46.260.000 9.385.000 6.704.000	Sel sf. , kt. 590602-2480 Hofsstaðseli, 551 Sauðárkrókur 10-021 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Lón - Raufarhöfn	14.558.640
Fjörður sf. , kt. 521203-3660 Viðimel, 560 Varmahlíð 10-050 Hringvegur (1), Hnausakvísl - Stóra-Giljá	63.356.660	Sigurþór Pétur Þórisson , kt. 311062-4259 Hvalskerri, 451 Patreksfjörður 10-014 Efnisvinnsla á sunnanverðum Vestfjörðum 2010	11.775.000
Framrás ehf. , kt. 591289-0559 Smíðjuvegi 17, 870 Vík 10-017 Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegur	25.420.000	Suðurverk hf. , kt. 520885-0219 Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur 08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Krýsuvíkurvegur	242.290.500
Geotækni ehf. , kt. 680907-0640 Austurvegi 69, 800 Selfoss 10-059 Vaðlaheiði, borun rannsóknarholna 2010	39.757.000	Urð og grjót ehf. , kt. 580199-2169 Lyngási 12, 110 Reykjavík 09-035 Kringlumýrarbraut (40), rampi og undirgöng við Bústaðaveg	55.353.200
Gröfutækni ehf. , kt. 460494-2069 Löjulsöð 1, 845 Flúðir 10-007 Styrkingar og endurbætur á Biskupstungnabraut, Þórisstaðir - Brúará 10-053 Styrkingar og endurbætur á Biskupstungnabraut, Reykjavegur - Bræðratunguvegur	39.921.200	Vegamálnun ehf. , kt. 630497-2649 Ennishvarfi 15a, 203 Kópavogur 10-010 Yfirborðsmerkingar 2010 - 2012, vegmálnun	45.960.000
Haki ehf. , kt. 410363-0119 Naustahvammi 56a, 740 Neskaupstaður 10-026 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðfjarðarvegur (92)	43.945.800	Vélaeiga AP ehf. , kt. 420402-4140 Kópubraut 9, 260 Reykjanesbær 10-041 Reykjanesbraut (41), hringtorg við Grænás	69.710.900
Háfell ehf. , kt. 690186-1609 Skeifunni 11a, 108 Reykjavík 10-018 Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni	18.418.125	Vélgrafan ehf. , kt. 700390-1369 Gagnheiði 49, 800 Selfoss 10-054 Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi, Skilandásá - Hólabrekka	43.393.850
Ingileifur Jónsson ehf. , kt. 611298-2939 Funahöfða 6, 110 Reykjavík 09-034 Hringvegur (1) - tvöföldun, Fossvellir - Draugahlíðar	641.945.500	Vinnuvélar Reynis ehf. , kt. 670405-1090 Brekku, 641 Húsavík 10-022 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Einarstaðir - Biskupsháls	12.053.775
Íslenskir aðalverktakar hf. , kt. 660169-2379 Höfðabakka 9, 110 Reykjavík 09-007 Hringvegur (1) - tvöföldun, Hafravatsvegur - Þingvallavegur	256.941.260	Víðimelsbræður ehf. , kt. 530697-2749 Hölmagrunn 6, 550 Sauðárkrókur 10-036 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðarvegur	115.087.350
J Reynir ehf. , kt. 410305-0970 Fjarðargötu 60a, 470 Þingeyri 10-038 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvvegur (61), Reykjanes - gangamunni í Hnífsdal	20.759.500	Ylur ehf. , kt. 430497-2199 Miðási 33, 700 Egilsstaðir 10-051 Múlavegur í Fljótsdal (934), Langhús - Glúmsstaðir II	33.409.859
Klæðir ehf. , kt. 580609-1630 Miðási 8-10, 700 Egilsstaðir 10-042 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, norðurhluti, klæðing	33.728.456	P.S. verktakar ehf. , kt. 410200-3250 Miðási 8-10, 700 Egilsstaðir 10-025 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, vegir á Fljótsdalshéraði	38.343.000
Kröksverk ehf. , Sauðárkróki, kt. 460482-0979 Borgarröst 4, 550 Sauðárkrókur 10-013 Efnisvinnsla á Norðurland vestra 2010	38.730.000	Þjótandi ehf. , kt. 500901-2410 Ægissíðu 2, 851 Hella 10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói 10-049 Lagfæringar vega við Markarfljótsbrú 10-052 Ræsi í Flóahreppi 2010 10-056 Styrkingar og endurbætur á Ásvegi (275) og Kálfholtsvegi (288)	14.801.000 13.258.350 15.550.000 39.739.700

Bundið slitlag í árslok 2010





Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41), undirgöng við Grænás 10-058

Vegagerðin og Reykjanesbær óska eftir tilboðum í gerð undirganga norðan hringtorgsins við Grænás í Reykjanesbæ ásamt lagningu aðliggjandi göngu- hjóla- og reiðstíga. Framkvæmdin innifelur einnig að annast færslu / endurnýjun á DN600 kaldvatnslögn við austurenda ganganna í samvinnu við HS-Veitur ásamt nauðsynlegri landmótun.

Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Reykjanesbæjar.



Helstu magnbólur eru:


Bergskering	470 m ³
Skering í laus jarðlög	3.400 m ³
Fylling og fláafleygar	2.200 m ³
Burðarlag	200 m ³
Malbik	2.100 m ²
Mótafletir	80 m ²
Járnalögn	23.500 kg
Steypa	270 m ³
Vatnslögn DN600	42 m
Vatnslögn DN200	38 m

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 20. september 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 8. mars 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudegininn 22. mars 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.





Reykjanesbraut (41), undirgöng við Grænás boðin út

Hér er auglýst útboð á gerð undirganga undir Reykjanesbraut fyrir göngu-, hjólréiða- og reiðfólk. Undirgöngin verða um 60 m norðan Grænáshringtorgsins sem gert var á sl. ári. Lengd þeirra verður um 22 m undir brautinni og heildarlengd með stoðveggjum um 34,5 m. Breiddin er breytileg, minnst 6,2 m sem og hæðin sem verður minnst 3,0 m yfir gönguleiðinni og 3,2 m yfir reiðleiðinni.

Leggja skal regnvatns og jarðvatnslagnir og steypa stoðveggi út fyrir vegfláa og leiðarveggi meðfram stígum.

Í undirgöngunum verður lýsing og skal verktaki leggja til allt efni til hennar ásamt vinnu við allar lagnir, tengingar og uppsetningu.

Samkvæmt útboðsgögnum er gert ráð fyrir því að undirgöngin verði staðsteypt, en einnig er heimilt að bjóða undirgöng úr forsteyptum einingum, sem frávikstilboð og skal verktaki þá bera allan auka kostnað vegna forsteypra eininga s.s. hönnun og gerð teikninga, sem lagðar verða fyrir verkkaupa til samþykktar eða synjunar, ef sá kostur kemur til álita. ■

Févíti séu vinnusvæðamerkingar í ólagi Ákvörðun Vegagerðarinnar um vinnusvæðamerkingar

Þessi frétt birtist á vegagerdin.is. 15.02.2011

Vegagerðin hefur á undanförunum misserum unnið að því að bæta vinnusvæðamerkingar. Gerðar eru meiri kröfur til merkinga en áður hefur verið og á það sér stoð í reglugerð sem sett var árið 2009.

Nú ættu verktökum og öðrum sem koma að þessum málum vera ljóst hvernig standa skuli að vinnusvæðamerkingunum. Það má segja að aðlögunartímabili sé nú lokið, og því mun Vegagerðin frá og með 1. mars 2011 framfylgja reglugerðinni að fullu og beita févítum í samræmi við útboðs- og samningsgögn í þeim verkum þar sem nýjar reglur gilda.

Vegna þessa hefur meðfylgjandi orðsending verið gefin út:



Orðsending nr. 02/ 2011

um vinnusvæðamerkingar og févíti

Reglugerð nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg tók gildi 15. maí 2009.

Öll verk á þjóðvegum sem Vegagerðin vinnur eða lætur verktaka vinna skulu uppfylla reglur og ákvæði um vinnusvæðamerkingar skv. fyrrnefndri reglugerð.

Frá og með 1. mars 2011 skal farið að fullu eftir þeim reglum og fyrirmælum Vegagerðarinnar sem gilda um vinnusvæðamerkingar, 4. útgáfu 12.08.2010, svo og þeim ákvæðum um að beita févítum í samræmi við útboðs- og samningsgögn í þeim verkum þar sem nýjar reglur um vinnusvæðamerkingar gilda, sbr. gr. 1.3.2 í Leiðbeiningar og reglur við gerð útboðslýsinga sem er svohljóðandi:

„Verkkaupi mun gera reglulega úttekt á merkingum vinnusvæðis. Sé einhverju ábótavant verða reiknuð út févíti sem dregin verða frá greiðsluupphæð til verktaka samkvæmt fyrirfram skilgreindri úttektar- og reikniaðferð, sem sýnd er í fylgiskjali 1 og fylgiskjali 2 með útboðslýsingu.“

Vardandi vetrarþjónustu er gr. 1.3.2 í Leiðbeiningar og reglur við gerð útboðslýsinga í vetrarþjónustu svohljóðandi:

„Verkkaupi mun gera reglulega úttekt á viðvörunarljósum og öryggisfatnaði. Sé einhverju ábótavant verða dregin frá.“ greiðsluupphæð til verktaka févíti að fjárhæð kr.15.000.

Óheimilt er að víkja frá ofangreindri reglugerð og reglum.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarkvísl, styrking og endurbætur	2011	
11-011 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, malbik	2011	
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	2011	
11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, malbik	2011	
11-007 Grassláttur á Suðvestursvæði 2011-2012	2011	
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	2011	
11-003 Yfirlagnir á Suðursvæði, malbik 2011	2011	
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011	2011	
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011	
11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011-2012, sprautuplast og mössun	2011	
11-010 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing	2011	
11-015 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti	2011	
11-001 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, klæðing	2011	
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	2011	
11-014 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, austurhluti	2011	
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	2011	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
10-058 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Grænás	07.03.11	22.03.11
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurfjarðavegur (96)	28.06.10	13.07.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
10-068 Vestfjarðavegur (60) Kraká - Skálanes KNH ehf. kt. 710795-2239	18.01.11	18.02.11
10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói Þjótandi ehf., kt. 500901-2410	04.08.10	20.12.10

Niðurstöður útboða

Ný- og endurlögn Vestfjarðavegar (60)

Kraká - Skálanes 10-068

Tilboð opnuð 18. janúar 2011. Ný- og endurlögn á 2,6 km kafla Vestfjarðavegar (60) í Gufudalssveit í Reykhólarhreppi, frá Kraká að slitlagsenda á vestanverðu Skálanesi.

Helstu magntölur eru:

Fylling	115.000 m ³
Fláafleygar	84.000 m ³
Skering	200.000 m ³
Neðra burðarlag	13.000 m ³
Efra burðarlag	5.000 m ³
Tvöföld klæðing	21.000 m ²
Frágangur fláa	109.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2011 nema lögn seinna lags klæðingar sem skal lokið fyrir 15. júlí 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
15	Rein sf., Reykjavík	224.522.800	131,9	108.819
14	Ístak hf., Reykjavík	202.603.354	119,0	86.899
13	Suðurverk ehf., Kópavogi	192.506.000	113,1	76.802
12	Jökullfell ehf., Reykjavík	175.414.500	103,1	59.711
11	Borgarverk ehf., Borgarnesi	171.220.000	100,6	55.516
---	Áætlaður verktakakostnaður	170.190.200	100,0	54.486
10	Próttur ehf., Akranesi	164.950.000	96,9	49.246
9	Norðurtak ehf. og Króksverk ehf., Sauðárkróki	164.540.500	96,7	48.837
8	Þjótandi ehf., Hellu	159.652.700	93,8	43.949
7	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	152.865.900	89,8	37.162
6	Steypistöð Skagafjarðar, Sauðárkróki	149.965.000	88,1	34.261
5	Fjörður ehf., Skagafirði	144.106.200	84,7	28.402
4	Vélaleiga AP ehf., Reykjavík	132.595.500	77,9	16.892
3	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	129.027.300	75,8	13.323
2	Verktakafélagið Glaumur ehf., Garðabæ	117.748.800	69,2	2.045
1	KNH ehf., Ísafirði	115.703.934	68,0	0